

## Hallgrímur Jónsson, járnsmiður

Afhending 2012/48

Hallgrímur Jónsson fæddist þann 9. maí 1878 á Knútsstöðum í Aðaldal. Hann var sonur hjónanna Jóns Kristjánssonar og Guðrúnar Hallgrímsdóttur. Þegar foreldrar hans fluttu frá Knútsstöðum að Björgum í Kinn varð Hallgrímur eftir og ólst upp að mestu leyti hjá ömmu sinni, Maríu Jónsdóttur.

Árið 1900 fluttist Hallgrímur til Akureyrar og lærði járníðn af Ólafi Jónatanssyni. Járnsmíði varð ævistarf Hallgríms. Hann vann einnig við útgerð og var bryggjuformaður hjá Evensen síldarkaupmanni.

Hallgrímur var mjög virkur í félagsstarfi og var einn af stofnendum stúkunnar Brynju nr. 99 árið 1904. Hann sat í bæjarstjórn 1921 til 1927 og var baráttumaður fyrir verkalýðshreyfinguna á Akureyri.

Árið 1909 kvæntist Hallgrímur Sigríði Baldvinsdóttur. Þau eignuðust tvær dætur og bjuggu alla tíð á Akureyri. Hallgrímur lést árið 1965.

Afhendingin barst frá Minjasafninu á Akureyri. Ekki hafa komið aðrar afhendingar úr fórum Hallgríms en gögn tengd honum er að finna í afhendingu 2001/72.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
1. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Hallgrímur Jónsson</b>			
<b>A-Hallgrímur Jónsson</b> <b>1915 - 1965</b>			
<b>Hallgrímur Jónsson (1878-1965), járnsmiður</b>			<b>2012 / 48</b>
2012 - A / 1	1	1915- 1915 Leyfisbréf til verslunarreksturs	Innsiglað og undirritað af Páli Einarssyni bæjarfógeta
2012 - A / 1	2	1942- 1965 Kort: Gjafakort til minningar um Sigríði Baldvinsdóttur 1942; afmæliskort til Hallgríms á 75 ára afmælinu 1953; minningarkort um Hallgrím eftir lát hans 1965	Sigríður Baldvinsdóttir var eiginkona Hallgríms
2012 - A / 1	3	1965- 1965 Líkræða um Hallgrím Jónsson eftir Pétur Sigurgeirsson	